



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Menningarnýlendan Ísland

Sjálfsímynd Íslendinga á tíunda áratugnum

Erlingur Freyr Thoroddsen

Lokaverkefni til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Hönnunardeild

nóvember 2023

Menningarnýlendan Ísland

Sjálfsímynd Íslendinga á tíunda áratugnum

Erlingur Freyr Thoroddsen

Lokaverkefni til BA-prófs í grafískri hönnun

Leiðbeinandi: Óskar Örn Arnórsson

Grafísk hönnun

Hönnunardeild

nóvember 2023

Ritgerð þessi er 8 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

McDonalds hamborgara ættu flestir að kannast við í ljósi upphalds keðjunnar á rúmlega 40 þúsund veitingastaða í 118 löndum. Ísland er ekki lengur með á þessum lista en það er saga að segja frá því. Í þessari ritgerð verður kenning Kristínar Loftsdóttur um sjálfsmynd Íslendinga á tíunda áratug síðustu aldar sett í samhengi við komu, og síðar brottfar, McDonalds á Íslandi. Íslendingar hafa lengi verið uppteknir af því umfjöllun um land og þjóð segir Kristín. Gert verður grein fyrir stórum hugtökum eins og menningarnýlendu, nýfrjálshyggju og þjóðlegri skömm með hugmyndum Adam Smith, John Tomlinson og David Harvey til rökstuðnings. Ljósmyndin af Davíð Oddssyni forsætisráðherra Íslands að borða fyrsta Big-Mac hamborgarann hér á landi er eflaust í margra minni. Ljósmyndin verður borin saman við aðra mynd, af sama augnabliki, sem ekki fékk sömu viðurkenningu þrátt fyrir að segja ýtarlegri sögu. Íslendingar voru, upp til hópa, yfir sig hrifnir af því þegar McDonalds kom til landsins. Nokkur dæmi um andstyggð og mótlæti verða til umfjöllunar í ljósi þess að ekki mættu allir með opinn faðminn þegar hin svokallaða ameríska innrás gekk í garð. Stöðutákn skyndibitans sem og aðrar táknmyndir um nútímavæðingu verður rannsakað ásamt sundurliðun á því hvernig McDonalds hefur tekist að vinna heimsbyggðina á sitt band. McDonalds hefur í mörg ár verið sterkasta táknmynd vesturlandavæðingar en hefur staðan breyst með komu iPhone síma?

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Kaflí 1. - Skilgreining hugtaka	8
Nýfrjálshyggja	8
Menningarnýlendar	8
Þjóðleg skömm og minnimáttarkennd	9
Kaflí 2. Menningarleg heimsvaldastefna Bandaríkjana	11
2.1 Vesturlandavæðing	11
2.2 McDonaldsvæðing.	14
Kaflí 3 Nýfrjálshyggjan og ameríska innrásin.....	17
3.1 McDonald's opnar á Íslandi.....	17
3.2 Tvær ljósmyndir.....	19
3.3 Fréttaumfjöllun	20
Niðurlag	23
Heimildarskrá	26
Myndaskrá	30

Inngangur

Hugmyndin að vinnslu þessarar ritgerðar spratt síðastliðið sumar þegar höfundur sá skemmtilega umfjöllun í kvöldfréttum. Í Perlunni var verið að halda upp á Þjóðhátíðardag Bandaríkjamanna með nokkuð hefðbundnu sniði. Strax þótti mér þetta athugunarvert að því gefnu að aldrei hefur verið haldið upp á Þjóðhátíðardag annarrar þjóðar svo ég muni í Perlunni. Jóhanna Erla Jóhannesdóttir markaðsstjóri Perlunnar sagði í viðtali við Stöð 2 að ástæðan hátíðarhaldanna hafi verið mikill ágangur ferðafólks í Perluna á sumrin en helmingur þeirra sem sækja hana eru Ameríkanar.¹ Því hafi þótt viðeigandi að bjóða upp á andlitsmálun, blöðrur í litum bandaríska fánans og kandífloss. Ásamt því sem maður á stultum, klæddur upp sem Uncle Sam, hafi staðið í hvassviðrinu á bílplaninu og glatt gesti með nærveru sinni.² Þetta fannst mér satt best að segja stórmerkilegt. Hvernig er hægt að réttlæta það að halda upp á Þjóðhátíðardag Bandaríkjanna á Íslandi. Þá sérstaklega fyrir ferðafólk sem heimsækir Ísland ekki í þeim tilgangi að halda upp á sjálfstæði Bandaríkjanna. Þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna er vissulega fyrirferðameiri en margir Þjóðhátíðardagar þar sem honum bregður öðru hverju fyrir í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum sem sýnd eru hér á landi. Einnig hafa aðrir bandarískir hátíðardagar eins og Valentínusardagurinn og hrekkjavakan fært sig upp á skaftið héraendis síðustu ár. Einnig má taka dæmi úr Íslenskri sjónvarpsafþreyingu, Idol, Ísland Got Talent, Viltu vinna Milljón? og Biggest Loser Ísland sem er fengið beint úr bandarísku sjónvarpsefni. Hvernig getur á þessu staðið? Að svona margt í íslenskri dægurmenningu sé sprottið frá Bandaríkjunum? Upp á síðkastið hefur myndast umfjöllun í fréttum um aukna ensku notkun ungs fólks sín á milli. Berglind Festival ræddi við Helgu Hilmarsdóttur, rannsóknardósent hjá Árnastofnun í innslagi sínu hjá Gísla Marteini. Helga vildi meina að ungmenni hér á landi hafi snúið baki við íslenskunni en heilu samtölin á ensku, þeirra á milli, hafa færst í aukana.³ En það læra börnin sem fyrir þeim er haft segir máltakið. Ættum við þar af leiðandi ekki að spyrja okkur hvaðan sprettur þessi hegðun?

¹ Vésteinn Örn Pétursson, „Fjórði júlí haldinn hátíðlegur“, 4. júlí 2023, *Kvöldfréttir stöðvar2*, framleitt af Stöð2, visir.is, sótt 1. september 2023 á <https://www.visir.is/k/fjordi-juli-haldinn-hatidilegur>

² „Fjórði júlí haldinn hátíðlegur“,

³ Berglind Pétursdóttir, „Unga kynslóðin hefur snúið baki við íslenskunni“, 7. nóvember 2023, *Vikan með Gísla Marteini*, framleitt af RÚV, ruv.is, sótt 12. nóvember 2023 á <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurm/2023-11-07-unga-kynslodin-hefur-snuid-baki-vid-islenskunni-395787>

Í þessari ritgerð verður ekki fjallað um Valentínusardaginn, breyttar málvenjur unglunga landsins eða sígilda málshætti heldur verður kenning Kristínar Loftsdóttur um sjálfssímynd Íslendinga rannsökuð. Horft verður sérstaklega til tíunda áratugar síðustu aldar, þegar óhefðbundið þjóðarstolt ríkti í landanum og andrúmsloftið breyttist verulega:

Ef að við staðsetjum. . . stöðu Íslands á tuttugustu öldinni, þar sem að í upphafi hennar erum við undir Dönun. Og ef við skoðum umræðuna um hvað það er að vera Íslendingur og Íslensk þjóð frá byrjun tuttugstu aldar þá er eitt stef sem virðist ganga eins og þráður í gegnum umræðuna sem er þessi þörf til þess að sýna sig fyrir augum annara þjóða, að sína að við séum eitthvað.⁴

Þetta segir Kristín Loftsdóttir í viðtali við RÚV um sjálfssímynd Íslendinga á tuttugustu öldinni. Hvers vegna finna Íslendingar sig knúna til þess að spegla sig í aðfluttum menningarháttum? Þessi þjóð sem öðlaðist sjálfstæði sitt í skugga ríkjandi heimsstyrjaldar hafði ef til vill ekki tíma til að skapa hugmynd um hvað það þýðir að vera sjálfstæður Íslendingur. Því áður en sú ímynd hafði tíma til að mótast hernumu Bretar og síðar Bandaríkjamenn landið og flutt með sér tyggjó, sjónvarpstæki og aðrar framandi nýjungar. Kenningar Kristínar um þessar breytingar í þjóðfélaginu verða settar í samhengi við rit George Ritzer. Hann hefur skrifað fjölda bóka um hina svokölluðu McDonaldsvæðingu sem sprettur úr iðrum vesturlandavæðingar.⁵ Sjá t.d. McDonaldization Thesis: Explorations and Extensions, Globalization: The Essentials og 12 útgáfur af McDonaldization of Society. Fjallað verður um hvernig augnablikið þegar Davíð Oddson tekur bita af fyrsta Big-Mac hamborgaranum er tákngevingur upphafs þessara nýju tíma sem einkenndust af neysluhyggju og frjálshyggju á Íslandi. Þessar breytingar verðar settar í samhengi við menningarlega heimsvaldarstefnu með kenningar John Tomlinson til stuðnings.

Í fyrsta kafla þessarar ritgerðar er farið yfir hugtakið nýfrjálshyggja með skrif David Harvey um ríkjandi aðferðir stjórnmála á vesturlöndum að leiðarljósi. Einnig verður farið yfir hugmyndir Adam Smith um hvernig hinum frjálsa markaði er best háttað. Í fyrsta kafla verður gerð grein fyrir öðrum stórum hugtökum eins og menningarnýlendu, þjóðlegri skömm og minnimáttarkennd. John Tomlinson prófessor hefur fjallað um menningarlega þætti hnattvæðingar í mörg ár. Rannsóknir hans verða rýndar til að bera kennsl á merkingu orðsins menningarnýlenda og hvað verður þess valdandi. Þjóðleg skömm og

⁴Anna Marsbil Clausen, „1. þáttur: Þegar Davíð tók fyrsta Big-Mac bitann“, 2. nóvember 2019, *Mcblessi Ísland*, framleitt af RÚV, ruv.is, 7:16, sótt 20. október 2023 á <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/uppgangur-og-endalok-mcdonalds-a-islandi>.

minnimáttarkennd haldast í hendur við hugmyndafræðina um menningarnýlendur og fjallað verður um það útfrá heimildum Leonard John Hume.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður farið yfir grundvallaratriði vesturlandavæðingar og hvernig virðingaröð hönnuða og framleiðenda hefur breyst með tilkomu ódýrs vinnuafls handan hafs. Oft unnu framleiðendur og hönnuðir undir sama þaki en nú er ekki gefið að þeir séu í sömu heimsálfu. Einnig verða tekin dæmi um andspyrnu vesturlandavæðingar í Evrópu og víðar. McDonalds hefur lengi verið táknmynd Bandaríkjanna í öðrum löndum. Umfjöllun Yunxiang Yang á McDonalds í Peking verður tekin til greina ásamt skrifum George Ritzer um McDonaldsvæðingu heimsins. Ritzer segir að McDonalds hafi tekist að breyta undirstöðu atriðum í borðhaldi og staðli veitingahúsareksturs á heimsvísu.

Í þriðja kafla verður fjallað um súrrealíska augnablikið þegar Davíð Oddsson borðaði fyrsta Big-Mac borgarann á Íslandi meðal valdamanna Íslands og annarra erlendis frá. Viðburðurinn var í hugum margra ekki til þess gerður að fagna tilkomu McDonalds heldur innlimun Íslands í nýtt alþjóðasamfélag sem einkenndist af frjálshyggju og neysluvæðingu heimsins. Ljósmyndir Gunnars Valbers Andréssonar og Pjeturs Sigurðssonar af viðburðinum verða rannsakaðar en fönguðu kaflaskil í íslenskri sögu. Kaflinn snertir einnig á fréttaumfjöllun íslenskra miðla á lífshlaupi McDonalds á Íslandi og deilum þeirra við ASÍ og íslensk stéttarfélög. Í niðurlagi verður svo lokun McDonalds á Íslandi sett í samhengi við hrun krónunnar, brottfar frjálshyggjunnar og flutning neysluhyggjunnar í annað form.

Kafli 1. - Skilgreining hugtaka

Nýfrjálshyggja

Nýfrjálshyggja er fyrst og fremst kenning um pólitíska starfshætti en hún hefur verið ráðandi hugmyndafræði síðustu áratuga. Nýfrjálshyggjan einkennist af rétti til einkaeigna, frjálsum mörkuðum og frjálsum viðskiptum.⁶ Hugmyndin er sú að velferð manna sé best hagrætt með því að frelsa einstaklingsbundið frumkvöðlafrelsi frá ríki. Nýfrjálshyggjan varð að ráðandi afli í stjórnámálum vesturlanda við valdatíð Ronalds Regan og Margaretar Thatcher sem bæði voru bæði kjörin til embættis við upphaf níunda áratug síðustu aldar. Þessi hugmyndafræði var svar við þeim samdrætti sem hafði átt sér stað á árunum eftir stríð með það markmið að bæta stöðu kapítalismans samkvæmt David Harvey þjóðmálaspeking.⁷ David Harvey segir þau tímamót upphaf endurreisnartímabils þessara starfshátta í pólitík þar sem endurheimta átti yfirráð auðmanna og efri stéttar sem fannst hagi sínum ógnað af valdatíð sósíalisma. Þrátt fyrir að einungis 50 ár voru frá hruni Wall Street bankana og upphafi kreppunar miklu í Bandaríkjunum sáu menn sig fullfæra um að endurvekja þessa hugmyndafræði. Skoski hagfræðingurinn Adam Smith, sem oft er kallaður faðir vestrænnar hagfræði, talar um að markaðurinn virki best ef ríkisvöld fá ekki að skipta sér af hinum frjálssa markaði. Smith talar fyrir því að leyfa hinni ósýnilegu hendi efnahagsins, sem fær menn til að vinna í hag almennings, að vinna sitt verk.⁸ Nýfrjálshyggja byggir algjörlega á kenningum hans um frjálstan markað.

„It is not from the benevolence of the butcher, the brewer, or the baker that we expect our dinner, but from their regard to their own interest . . .“⁹

Bruggarinn, bakarinn eða slátrarinn eru semsagt að skapa sjálfum sér atvinnu ekki af góðvild sinni til þess að bjóða næsta manni kjöt, bjór eða brauð, heldur af sinni eigin hagsmunasemi. Þessar kenningar Smith voru skrifaðar í kringum 1780 sem sýnir okkur hvernig efnahagstefnur koma í bylgjum þar sem hver bylgja hefur ólík áhrif.

Menningarnýlendum

Hugtakið Menningarleg heimsvaldastefna (e. cultural imperialism) er frekar nýtt af nálinni.¹⁰ Hugtakið birtist fyrst á fimmta áratug síðustu aldar í þeirri mynd sem fjallað

⁶ David Harvey, *A Brief history of Neoliberalism*, (New York, Oxford University Press, 2007), 12

⁷ Harvey, *A Brief history of Neoliberalism*, 13.

⁸ Adam Smith, *The Theory of Moral Sentiments*, (Edinborg, Gutenberg Publisher, [1759] 2011), 318

⁹ Adam Smith, *Wealth of nations*, (New York: Collier, [1776] 1902), 20.

¹⁰ John Tomlinson, *Cultural Imperialism: A Critical Introduction*, (Baltimore, MD: Johns Hopkins University Press, 1991), 3.

verður um í þessari ritgerð. Hugtakið er fremur stórt og nær yfir mikið efni. Því er mikilvægt að kryfja nákvæmlega hvað er átt við þegar talað verður um menningarnýlendu héðan af. Menningarleg heimsvaldastefna á sér margar myndir. Hún hefur tíðkast alveg frá tímum Rómverja sem lögðu mikið upp úr því að leggja undir sig önnur ríki í nafni keisara til að stækka og styrkja Rómveldi. En hvað er eiginlega menning? Getum við lagt hendur á menningu? Eða er það bara túlkun hvers og eins á umhverfi sínu? Mannfræðingurinn Clyde Kluckhohn segir í skilgreiningu sinni að menning sé

patterned ways of thinking, feeling, and reacting, acquired and transmitted mainly by symbols, constituting the distinctive achievement of human groups, including their embodiment in artifacts; the essential core of culture consists of traditional (i.e., historically derived and selected) ideas and especially their attached values.¹¹

Erfitt er að segja til um hvað er og hvað er ekki í menning en Kluckhohn tekst að hnýta þetta nokkuð vel saman. Menning er þó fyrst og fremst bundið persónulegri upplifun og túlkun einstaklings. Menningarnýlendur má skilgreina sem svæði eða lönd undir menningarlegum yfirráðum frá öðru ríki.¹² Það getur verið sökum þess að landið er án sjálfstæðis og undir stjórn annars ríkis, samanber Færeyjar og Grænland sem eru undir Danskri stjórn. Menningarnýlendur verða til út frá menningarlegri heimsvaldastefnu. John Tomlinson, prófessor við háskólan í Nottingham Trent, segir í rannsóknum sínum á menningarlegri heimsvaldastefna að slík stefna sé notkun á pólitísku og efnahagslegu valdi til að upphefja og breiða út gildi og venjur framandi menningar á kostnað innfæddrar menningar.¹³ Í þessari ritgerð verður fyrst og fremst fjallað um Ísland sem menningarnýlendu Bandaríkjanna undir lok tuttugustu aldar þegar Ísland gengur inn í ört stækkandi alþjóðasamfélag með komu veitingahúsakeðju til landsins. Menningarleg heimsvaldastefna helst oft í hendur við minnimáttarkennd þjóða. Þessi þjóðlega skömm lýsir sér þannig að menningu innfæddrar þjóðar er hafnað svo að utanaðkomandi menning fái pláss. Minnimáttarkennd og andstyggð sem nær yfir stóran hóp af fólki stafar af skömm. Ekki þjóðarskömm heldur þjóðlegri skömm (e.cultural Cringe).

Þjóðleg skömm og minnimáttarkennd

Minnimáttarkennd er tilfinning sem að flestir finna á einhverjum tímapunkti í lífi sínu út frá persónulegri upplifun sem olli minnimáttarkennd. Þessi tilfinning er ekki ánægjuleg þar sem að fólki finnst það oft berskjaldað og máttlaust. Í mörgum tilfellum leitast það til að

¹¹Clyde Kluckhohn, *Culture and Behavior: Collected Essays*, (United Kingdom: Free Press of Glencoe, 1962), 58

¹²Tomlinson, *Cultural Imperialism: A Critical Introduction*, 4.

¹³Tomlinson, *Cultural Imperialism: A Critical Introduction*, 3.

fela minnimáttarkenndina með einhverju móti.¹⁴ Í þessari ritgerð verður fjallað um minnimáttarkennd í stærra samhengi en í tilfinningaflóru fólks. Það er að segja í samhengi við sjálfsímynd þjóðar og þjóðlega skömm. Þetta hugtak snýr að því að þjóðum sem sýna sig með því að upphefja aðra menningu og eða hefðir fram yfir sínar eigin í von um að fá viðurkenningu annara hópa og tilheyra þar að leiðandi stærra alþjóðamengi.¹⁵ Þjóðleg skömm lýsir sér best þegar þjóðir, eða ríki, skammast sín fyrir eða líta niður á gamla siði og venjur sem þykja skrytinn eða ekki lengur í takt við tímann. Minnimáttarkennd Íslands má eflaust rekja mörg hundruð ár aftur eins og Kristín Loftsdóttir sagði. Það má sjá alveg frá árinu 1262, þegar Ísland féll undir stjórn Noregskonungs með undirritun Gamla sáttmála, hvernig Ísland hefur ratað undir verndarvæng annarra þjóða þegar hart mætir hörðu. Hér verður aðeins kafað í það óöryggi sem gróf sig djúpt í sálu lítillar þjóðar staðsettar mitt á milli stórveldanna tveggja á örlagaríkum tímum í mannkynnsögunni. Þrátt fyrir að teljast til smáþjóðar gerði þessi þjóð sitt besta til þess að sýna sig fyrir stóru strákunum í Bandaríkjunum, Englandi og Rússlandi.

¹⁴ „Inferiority Complex“, *American Psychological Association*. 19. apríl 2018, sótt 9. september 2023 á <https://dictionary.apa.org/inferiority-complex>.

¹⁵ Leonard John Hume, *Another Look at the Cultural Cringe*, (Centre for Independent Studies, 1993), sótt 7. September 2023 á http://www.the-rathouse.com/Another_look_at_the_Cultural_Cringe.htm.

Kafli 2. Menningarleg heimsvaldastefna Bandaríkjanna

2.1 Vesturlandavæðing

Þegar samfélög tileinka sér einkenni og menningu vesturlanda teljast þau undir vestrænum áhrifum. Útbreiðsla og dreifing á vestrænni menningu er það sem í daglegu tali kallast vesturlandavæðing. Upplýsingar, tískustraumar, hugmyndir, félagsmynnstur og matarvenjur frá Bandaríkjunum streyma í miklu magni um allan heim og eru þess valdandi að vestræn áhrif fyrirfinnast víða utan þeirra ríkja sem teljast vestræn. Vesturlandavæðing eða Ameríkuvæðing gæti talist mesta ógn heimsins hvað varðar menningarlega einsleitni. Servan Schreiber segir í bókinni *The American Challenge*:

Aðeins Bandaríkjamenn hafa áttað sig á og gripið tækifærin sem almenni markaðurinn skapaði. Afleiðing þess er efnahagsleg innrás Bandaríkjanna í Evrópu. Ef núverandi tilhneiging heldur áfram gæti þriðja iðnveldið í heiminum, á eftir Ameríku og Rússlandi, verið, ekki Evrópa, heldur bandarískur iðnaður í Evrópu.¹⁶

Þessi spá Schreiber rættist ekki alveg. Bandaríkin framleiða alls ekki mikið af neysluvörum fyrir almenning annað en matvæli og hreinlætisvörur sem er einungis brotabrot af því sem áður var. Á sjöunda áratuginum var 98% alls skófatnaðar sem seldur var í Bandaríkjunum, framleiddur í Bandaríkjunum. Árið 2009 var um 90% skófatnaðar sem seldur var í Bandaríkjunum innfluttur.¹⁷ En þýðir það ekki að ógnin sem stafar af Bandarískum iðnaði hafi liðið undir lok? Ekki endilega, fulltrúar Vesturlanda um heimsbyggðina eins og Mikki Mús, Levi's og Nike selja varning og fatnað í Evrópu og víðar.¹⁸ Sama má segja um vestrænar poppstjörnur eins og Beyoncé og The Weeknd sem selja fatnað, diska, plaköt og fleira til aðdáenda hópa sinna um allan heim þrátt fyrir að þessi varningur sé í langflestum tilfellum framleiddur í Kína.¹⁹ Hluti af áhrifum nýfrjálshyggjunnar er að hylja sjálf tengsl þessarar þróunar frá efnislegri endurskipulagningu vinnuafls og fjármagns.²⁰ Tökum sem dæmi Apple sem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á tölvum og farsímum. Sigurför þeirra á þeim markaði á uppruna sinn í góðri hönnun og markaðssetningu. Saga Apple í örstuttu máli segir frá draum

¹⁶ Servan Schreiber, *American Challenge*, (New York: Atheneum, 1968), 11, þýð. Erlingur Freyr Thoroddsen.

¹⁷ „Is Anything Made in the U.S.A. Anymore? you'd be surprised,“ *New York Times*, 20. feb 2009. Sótt 9. september 2023 á <https://www.nytimes.com/2009/02/20/business/worldbusiness/20iht-wbmake.1.20332814.html#:~:text=Today%2C%20Made%20in%20U.S.A.%22,value%20goods%20has%20moved%20overseas>.

¹⁸ George Ritzer, *McDonaldization Thesis*, (Baltimore, MD: Johns Hopkins University Press, 1991) 73.

¹⁹ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 73.

²⁰ Arden Stern, Ami Siegelbaum. *Design and Culture*, 11. útg. (United Kingdom: Taylor & Francis Ltd.) 266.

nokkurra frumkvöðla sem ætluðu að gera tölvur fyrir breiðari markhóp.²¹ Það sem gerði þennan draum að veruleika var hönnunarheimspeki sem sameinaði tæknilega fágun og stílhreina fagurfræði. Þannig tókst þeim að skapa vörumerkishollustu sem ekki eru fordæmi fyrir í sögu kapítalískrar neysluhyggju.²² Umbúðir af iPhone sínum eru fremur heillandi hönnunarlega séð (Mynd 1). Kassinn er stílhreinn, með upphleyftu prenti af símanum efst á öskjunni og hógværrri merkingu Apple á hliðunum. Askjan er einnig mjög úthugsuð. Lok öskjunnar er allar fjórar ystu hliðarnar. Þegar innsiglið límmitar á botni öskjunnar eru fjarlægðir er næsta skref fyrir notendan að hefja notkun á nýja tækinu. En það er hægara sagt en gert. Vegna þess að lok öskjunnar eru einnig hliðarnar skapast loftþétt rými í öskjunni. Þar af leiðandi verður til dramatískt augnablik þegar neytandinn neyðist til þess að bíða eftir því að þyngd símans vinni með þyngdaraflinu á móti loftþétta rýminu til þess að askjan opnast. Neytandinn getur ekki gert neitt til að flýta fyrir því að fá símann í hendurnar. Þegar umbúðirnar utan af nýja iPhone símanum eru loks opnaðar er setningin „Designed by Apple in California“ það fyrsta sem sést þegar kassinn opnast.



Mynd 1 iPhone umbúðir



Mynd 2 Designed by Apple in California

Þetta er eflaust gert þess að selja hugmyndina um að varan eigi að mestu leyti uppruna sinn í Bandaríkjunum. En aftur á móti stendur að neðanverðum kassanum, við strikamerkið, „Assembled in China“. Virðingarröðin á þessu tvennu er athyglisverð. Til þess að afhjúpa það sem frasarnir tveir geta sagt okkur um samband hönnunar og nýfrjálshyggju, má skoða verkaskiptingu við framleiðslu á vörum frá Apple. Framleiðsla hefur flust til staða þar sem mikið er af ódýru vinnuafli á meðan vinna sem er hærra metin er unnin í Gullna fylkinu svokallaða, Kaliforníu. Hlutverk Apple afmarkast við hönnun

²¹ Stern og Siegelbaum. *Design and culture*, 266.

²² Stern og Siegelbaum. *Design and culture*, 267.

vörunnar og sölu á vörunni. Allt annað fyrirtæki hefur umsjón með samsetningu iPhone síma og annarra tækja frá Apple. Það fyrirtæki, Foxconn, er stærsti einkarekni vinnuveitandinn í Kína. Þar starfa um það bil 1,3 milljónir manna sem setja saman meðal annars vörur fyrir Apple og önnur stórfyrirtæki. Foxconn er ekki gefinn heiður neinsstaðar á heimasíðu Apple fyrir sína aðild að framleiðslu snjalltækjanna frægu. Einnig minnst heldur ekki á sinn hlut í samsetningu Apple tækja heimasíðu sinni.

Þessi hnattræna breyting er farin að sýna til sín um alla króka og kima veraldar hvort sem okkur líkar það betur eða verr.²³ Vesturlandavæðing færðist í aukana eftir fall Sovétríkjanna, hrun kommúnismans og sigur kapítalismans sem gerði fleiri lönd opnari og eða berskjaldaðri fyrir þessari bandarísku innrás. En ekki eru allir fullkomlega móttækilegir eða hrifnir af þeim breytingum sem stafa af þessari bandarísku innrás.²⁴ Kína og fleiri lönd hafa bannað með lögum notkun á öllum helstu net- og samfélagsmiðlum frá vesturlöndum, eins og Google, Facebook, Instagram, BBC, The Guardian og fleiri.²⁵ Ríkisstjórnin lét setja upp hinn svokallaða Great Firewall of China árið 2003 til þess að stýra flæði upplýsinga sem koma inn í landið í gegnum internetið.²⁶ Nú á tímum lesa langflestir fréttir á netinu eða um 50% landsmanna hérlendis samkvæmt könnun MMR árið 2020.²⁷ Þetta stafar sérstaklega af þeirri kröfu samfélagsins á hraða upplýsingamiðlunar í fréttaflutningi og einfaldleika þess að sækja sér upplýsingar.

Annað dæmi um andstyggð á Ameríkuvæðinguni var á fjórða áratug síðustu aldar. Þegar hópur fólks stefndi til mótmæla þegar markaðssetning hófst á Coca-Cola í Frakklandi í aðdraganda þess að sölu á drykknum fræga ætti að hefja. Íbúar Frakklands höfðu áhyggjur af hinni svokölluðu Coca-Colavæðingu og fannst það ógna franskri matar- og kaffihúsamenningu. Mótmælin fóru fram en engu að síður hófst sala á Coca-Cola í Frakklandi.²⁸ Þetta er nákvæmlega það sem getur verið hættulegt við Ameríku- og hamborgaravæðinguna segir George Ritzer.²⁹ Frakkar eru frægir fyrir sértækar matarvenjur

²³ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 72.

²⁴ Paul Mouzur, „Baidu and CloudFlare boost users over China's great firewall,“ *New York Times*, 20. febrúar 2009. Sótt 12. október 2023 á <https://www.nytimes.com/2015/09/14/business/partnership-boosts-users-over-chinas-great-firewall>.

²⁵ Mouzur, „Baidu and CloudFlare boost users over China's great firewall.“

²⁶ Mouzur, „Baidu and CloudFlare boost users over China's great firewall,“.

²⁷ Ritsstjórn, „Helmingur þjódarinnar les ferskar fréttir hjá fréttamiðlum á netinu – Einungis 4% kváðust sækja fréttir í dagblöð.“ *Fréttatíminn*, 21. mars 2020, sótt 12. október 2023 á <https://frettatiminn.is/21/03/2020/helmingur-thjodarinnar-les-ferskar-frettir-hja-frettamidlum-a-netinu-athygli-vekur-ad-einungis-4-kvadust-helst-saekja-frettir-i-dagblod/>.

²⁸ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 73.

²⁹ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 74.

sem stafar ógn af McDonaldsvæðinguni. Í Frakklandi er mikið lagt upp úr vönduðu vali á hráefni og mikill tími fer bæði í undirbúning á mat og þá helgistund að njóta borðhalds. Þar þykir því eflaust erfitt að fylgja þeim nýja og kröfuharða staðli sem McDonalds hefur tekist að ræta í fjöldann allan af veitingastöðum.

2.2 McDonaldsvæðingin.

Fyrir utan þá staðreynd að hamborgarinn á uppruna sinn að sækja til Hamburg í Þýskalandi er Hamborgarinn orðinn albandarískt fyrirbæri og táknmynd bandarískrar matarmenningar þar sem McDonalds er í fararbroddi. McDonalds er án efa þekktasti hamborgarastaður í heimi og heldur uppi rúmlega 40 þúsund veitingastöðum í yfir 110 löndum. McDonalds, sem opnaði sinn fyrsta veitingastað sinn árið 1940, hefur tekist að skapa nýjan hugmyndastrúktúr fyrir borðhald.³⁰ „Skyndibitastaðalinn“ má kalla það. Hugmyndin er sú að matartími sé eitthvað sem á að vera nánast áreynslulaust og að það eigi ekki að taka nema stundarkorn að fá í hendurnar fülleldaðan og heitan mat.³¹ Þannig nær McDonalds fram *skilvirkni* sem verður gerð frekari grein fyrir síðar. Fleiri skyndibitastaðir víðs vegar um heim hafa reynt að vinna eftir sama móti og McDonalds en er það meira en að segja það.

Skyndibitastaðurinn Russkoye Bistro var opnaður við hátíðarhöld árið 1995 í höfuðborg Rússlands þar sem borgarstjórinn þáverandi, Yuri Luhzkov, mætti á opnun fyrsta veitingahússins og klippti á rauðan borða. Tilefni þótti til að halda mikinn fögnuð við opnunina þar sem stærsti hluthafi fyrirtækisins var Moskvuborg. Luhzkov bar miklar væntingar til rekstursins og áætlaði að árið 1997 yrðu staðirnir orðnir 200 talsins og að þá mætti finna í flestum borgum og bæjum Rússlands.³² Staðurinn var ágætlega vinsæll til að byrja með og í beinni samkeppni við McDonalds en á sama tíma einskonar andspyrna Ameríkuvæðingar. Á Russkoye Bistro fengust ekki afgreiddir hamborgarar og franskar kartöflur heldur þjóðlegur rússneskur matur í skyndibitabúning. Á matseðli Russkoye Bistro má finna rétti á borð við pirogi (kjötbökur), blini (litlar pönnukökur) og apríkósutertu að hætti kósakka. Forstöðumenn Russkoye Bistro höfðu eftirfarandi að segja aðspurðir hvers vegna þeim þætti ástæða til þess að búa til Rússneskan skyndibitastað:

³⁰ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 74.

³¹ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 76.

³² Lee Hockstader, „Attack on Big Mac Moscow Bistro offers fast food – and service – Russian style.“ *The Washington Post*, 8. ágúst 1995, sótt 12. október 2023 á <https://www.washingtonpost.com/archive/politics/1995/08/08/attack-on-big-mac-moscow-bistro-offers-fast-food-and-service-russian-style/>.

Á hverjum degi í Rússlandi erum við að reyna að laga okkur að vestrænni upplifun, vestrænum lífskjörum, vestrænum klæðnaði – öllu. Vestrænu mataræði líka . . . Nú þurfum við að búa til skyndibita hér sem hentar okkar líferni og hefðum, við höfum margt að læra af þeim(Bandaríkjamönnum)³³

Þetta er alls ekki svo galin hugmynd. Að opna skyndibitastaði í stóru landi með stórann markhóp, með það til hliðsjónar að halda í menningararf þjóðar. Á hnattrænum og sífbreytilegum tímum er mikilvægt að tryggja með einhverju móti að matarmenning þjóða falli ekki í skugga erlendra skyndibitastaða.³⁴ Aldagömul matarmenning þjóða sprettur úr sjálfsþurftarbúskap þegar fólk borðaði það sem bauðst þó að það hafi ekki alltaf verið eftirsóttasti kosturinn. Engu að síður var sá matur það sem hélt lífinu í þessu fólki. Snöggbreyting á matarræði sumra kyrrahafseyjanna er dæmi um hvernig breyting matarmenningar getur haft slæm heilsufarsleg áhrif á fólk. Þjóðarhópar sem áður borðuðu næringarríkan og svæðisbundinn mat snéru til skyndibita sem þótti eftirsóknaverðugri kost með tilheyrandi afleyðingum. Sykursjúkum hefur fjölgað til muna sem og offitu tilfellum. En staðbundni maturinn hentaði einstaklega vel lífsháttum eyjaskegganna.³⁵ Eftir fjármálakreppu Rússlands, sem skall á árið 1998, fór að halla verulega undan fæti hjá Russkoye Bistro þvert á vonir borgarinnar.³⁶ Russkoye Bistro tók meira að segja upp á því að selja vodka inn á staðnum í von um frekari sölu, en það dugði ekki til. Moskvuborg seldi sinn hlut í veitingakeðjunni árið 2005 og ekki leið langt þar til að endanlega var skellt í lás.³⁷

George Ritzer hefur skrifað um hvernig McDonalds hefur tekist að hamborgaravæða heimsbyggðina alveg frá árinu 1993, þegar skyndibitakeðjan hélt uppi rúmlega 7000 veitingastöðum í 25 löndum. Honum þykir heillandi hvernig þeim hefur tekist að skjóta rótum í nýju umhverfi að svo virðist hvar sem er. Ritzer segist sjálfur vera hreinlega heltekinn af þessu stórveldi.³⁸ En hvers vegna eru svona margar ólíkar þjóðir tilbúnar að taka þessum hamborgarastað frá Bandaríkjunum með svona opnum örmum? Ritzer hefur sjálfur skrifað 6 bindi og nokkrar ritgerðir um McDonaldsvæðingu heimsins. Hér verður stuttlega farið yfir hvernig þessi keðja hagnast um mörg hundruð miljónir á

³³ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 78.

³⁴ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 78.

³⁵ Timothy De Ver Dye, „The Diabetes Ecosystem and Small Island Developing States“ *Biomedcentral Blog Network*, 6. apríl 2016, sótt 26. nóvember 2023 á <https://blogs.biomedcentral.com/on-health/2016/04/06/the-diabetes-ecosystem-and-small-island-developing-states/>.

³⁶ Ekaterina Bryzgalova, Natalya Ishchenko, Vladimir Kozlov, „How Russia tried to create its own McDonalds“ *Shoppers Media*, 14. mars 2022, sótt 12. október 2023 á https://shoppers.media/news/654_kak-v-rossii-pytalis-sozdat-svoi-sobstvennyi-mcdonalds.

³⁷ Bryzgalova, Ishchenko, Kozlov, „How Russia tried to create its own McDonalds“.

³⁸ Ritzer, *McDonaldization Thesis*, 4.

hverju einasta ári. Ritzer hefur tekist að sundur liða þá þætti sem skilgreina McDonalds og sigurför þeirra. *Áreiðanleiki*, það er að segja að viðskiptavinurinn geti treyst á að finna sama (eða mjög svipaðan) matseðil og sama innihaldið á öllum veitingahúsum McDonalds. Sú staðreynd, að þetta sé hægt að tryggja á meira en 40 þúsund veitingahúsum, er ótrúleg. En þegar gæðin og næringargildið í matnum eru ekki betri en það sem tíðkast á McDonalds er það kannski ekki svo galið. Hinsvegar hafa veitingastaðir McDonalds boðið upp á sérstaka rétti sem fást ekki hvar sem er. Á Indlandi er boðið upp á „Masala Scrambled Egg“, „Kaprano Crispy Chicken“ í Taílandi, „Panzerotti“ á Ítalíu og svona má lengi telja.³⁹ Þetta er gert til þess að höfða frekar til markaðar hvers lands fyrir sig en eflaust unnið eftir ströngum stöðlum McDonalds. *Skilvirkni* sem greint var frá áður í formi hins svo kallaða skyndibitastaðals. Fljót afgreiðsla er mikilvæg alveg sama hvernig viðrar og hvar sem viðskiptavinurinn er staddur. *Stjórn* á starfsfólki er beitt þar sem markmiðið er að afgreiða matinn eins og hann komi af færíbandi. Auðvelt á að vera að skipta út mannskap svoleiðis að sem minnstur tími fari í þjálfun á nýju starfsfólki. Allir þessir þættir spila saman til þess að mynda McDonalds staðalinn og tryggja að viðskiptavinurinn viti nákvæmlega hvað hann fær fyrir aurinn. Fleiri veitingastaðir hafa reynt að vinna eftir þessu verklagi í ljósi þess að McDonalds þéna formúu á hverju ári.

³⁹ „Special McDonalds menu items from around the world.“, *LoveFood*, 20. apríl 2023, sótt 15. nóvember 2023 á <https://www.lovefood.com/gallerylist/60910/special-mcdonalds-menu-items-from-around-the-world>

Kafli. 3 Nýfrjálshyggjan og ameríska innrásin

3.1 McDonald's opnar á Íslandi

Þann 9. september 1993, var fyrsti McDonalds hamborgarastaðurinn á Íslandi formlega opnaður við Suðurlandsbraut 56. Kjartan Örn Kjartansson hafði mikið fyrir því að koma skyndibitastaðnum í rekstur á hér á landi sem var ekki erfiðislaust. Hann þurfti að sækja nám á eiginn kostnað í 8 mánuði í McDonalds-háskólanum í Manchester til þess að fá leyfi til að reka veitingastaði McDonalds. Ferlið við að opna staðina tók um það bil tvö ár.⁴⁰ Sérfræðingar frá McDonalds-International voru fengnir til þess að kanna aðstæður og meta hvort íslenskur markaður væri þess verðugur að halda uppi veitingastað McDonalds.⁴¹ Þegar stóri dagurinn rann loksins upp hélt Kjartan Örn heljarinnar opunarhátíð á fyrsta veitingahúsinu. Allir helstu fjármála- og kaupsýslumenn landsins létu sig ekki vanta og skáluðu fagnandi fyrir þessum mikla degi.⁴² Séra Geir Waage var fenginn til að blessa nýbyggt húsið sem Ingimundur Sveinsson teiknaði.⁴³ Kristján Örn sagði í viðtali við Rás 1 árið 2019:

“Þannig var að Margaret Thatcher sem þá var forsætisráðherra í Bretlandi hafði nýverið (árið 1989) opnað veitingastað McDonalds í East Finchley þar sem höfuðstöðvar McDonalds eru og mér datt í hug, af hverju (ætti ég) ekki (að) bjóða forsætisráðherra Íslands?”



Mynd 3 Davíð Oddsson



Mynd 4 Margaret Thatcher

Kjartan Örn bauð Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra Íslands, til þess að sýna stuðning á opnuninni og feta í spor járnfrúarinnar með því að leggja sér fyrstur til munns íslenskan Big-Mac hamborgara. Þá og þegar varð til, án þess að nokkur hefði geta

⁴⁰ Anna Marsbil Clausen, „1. þáttur: Þegar Davíð tók fyrsta Big Mac bitann“, 01:45.

⁴¹ Sama heimild.

⁴² Kristín Loftsdóttir, *Crisis and Coloniality at Europe's Margins Creating Exotic Iceland*, (Routledge, 2018), 64.

⁴³ Anna Marsbil Clausen, „1. þáttur: Þegar Davíð tók fyrsta Big Mac bitann“, 05:24.

vitað af því, ógleymanlegt augnablik þegar Gunnar V. Andr sson lj smyndara tekst a  festa upphaf n frj lshyggju  slendinga og þar a  auki upphaf n rra t ma   filmu. Benda m    þ  sta reynd a  McDonalds var ekki fyrsti skyndibitasta urinn    slandi. Þar af lei andi er ekki h gt a  segja a  f gnu urinn hafi sn ist a  komu skyndibita sem sl kum til landsins. Heldur er veri  a  fagna n t mav  ingu  slands, t knr nni innlifun markaðshyggju, alþj  av  ingu og n rri st  u  slands innan alþj  avettvangs sem helst   hendur vi  komu McDonalds. Eric Schlosser bla ama ur og rith fundur l kir ke junni vi  t tem sem s  t knmynd um efnahagspr un Vesturlanda.⁴⁴ Hann bendir einnig   þ  sta reynd a  oftar en ekki er McDonalds fyrsti s rleyfisa ilinn til þess a  hefja vi skipti   landi og   kj lfar þess fylgi mikil og  r pr un me  vestr en gildi a  lei arlj si. Schlosser vitnar   mannfr  inginn Yunxian Yan   b kinni sinni „*Fast-Food Nation: The Dark Side of the All-American Meal*“. Gagnr ynislaus afsta a f lks til McDonalds h r   landi   kringum opnun sta arins helst   hendur vi  það sem Yunxian Yan greinir fr    sambandi vi   b a Peking. Hann segir a   b ar Peking l ti   McDonalds sem t kngervingu Bandar kjanna og lofor  um n t mav  ingu.⁴⁵ Me  komu McDonalds var  sland or inn þj   me al þj  a   þeim t mum sem n frj lshyggja var   farabroddi st rvelda hins vestr na heims.



Mynd 5 V itala Economist

Eitt og anna  stingur   st f vi  opnun sta arins. Kjartan  rn eigandi McDonalds vildi ekki sta festa ver lagningu   st kum Big-Mac hamborgara   a draganda opnun McDonalds vi  R V e a a ra fr ttami la. Kjartani hefur kannski þ tt það feimnism l   lj si þess a  upphaflegt ver    Big-Mac var 495.kr sem var um það bil þrisvar sinnum

⁴⁴ Eric Scholsser, *Fast food nation: the dark side of the all-American meal*, (Boston: Houghton Mifflin, 2001), 230, s tt 10. september 2023  

<https://archive.org/details/fastfoodnationda0000schl/page/228/mode/2up>.

⁴⁵ Scholsser, *Fast food nation*, 230.

meira en lægsta verð ef litið var á Big-Mac vísitöluna sem tímaritið Economist reiknaði út. Hann hefur ef til vill viljað halda verðinu leyndu frá fréttamiðlum eins lengi og færi gafst á til að koma í veg fyrir verðsamanburð á hamborgaranum héraðs og erlendis. Með því að halda verðinu leyndu gat hann einnig kæft alla uppspretta neikvæðrar umræðu um verðlagningu í aðdraganda opunarinnar en því miður fæst það ekki staðfest.

3.2 Tvær ljósmyndir



Mynd 6 Mynd Gunnars



Mynd 7 Mynd Pjeturs

Hér verða tvær ljósmyndir, teknar á sögulegri opnun McDonalds á Suðurlandsbraut bornar saman. Fyrri myndina tók Gunnar Valberg Andrússon sem starfaði hjá DV. Seinni myndina tók Pjetur Sigurðsson, blaðljósmyndari sem í þá daga starfaði hjá Tímanum.

Gunnar segir einfalda og skýra sögu fylgja ljósmyndinni. Ramminn er þröngur og Gunnar ætlaði greinilega ekki að eyða neinu plássi í aukaatriði. Fókusinn er á einum manni sem er mættur til þess að innleiða neysluhyggju fyrir hönd Íslensku þjóðarinnar. Myndin er í standandi „portrait“ hlutföllum svo að umbúðirnar af borgaranum og gos í pappaglasi með sogröri á borði sem Davíð hallar sér yfir. Myndbyggingin er sterk og tilfinningarík þar sem hendur Davíðs gegna lykilhlutverki. Sjónarhorn myndarinnar er ekki gott, sérstaklega í samanburði við seinni myndina, þar sem tæplega sést í andlit Davíðs ásamt því sem það vantar vandræðalega lítið í kollinn á honum. Gunnar stendur og miðar myndavélinni niður á við á meðan Davíð situr við borð þannig að tæplega sést í andlit hans og stærsti hlutinn er ennið á honum. Myndin er tekinn með flassi og þar af leiðandi vel lýst og skörp. Dýptarskerpan er mikil og setur en meiri fókus á Davíð þar sem ekkert sést greinilega á bakvið hann. En það sem gerir þessa mynd sérstaklega góða eru hendur Davíðs á hamborgaranum. Hendur mannsins sem innbyrðir tótem nútímavæðingar heimsins. Mynd Gunnars hefur birst í bókum og fjölda fréttagreina og má segja að sé töluvert goðsagnakenndari en seinni myndin.

Seinni myndin er að mörgu leiti kraftmeiri en sú fyrri. Seinni myndin var birt í Tímanum föstudaginn 10. september 1993 í umfjöllun blaðsins um opnun McDonalds. Pjetur Sigurðsson blaðaljósmyndari tók myndina sem hefur hingað til ekki verið birt í öðrum fréttamiðli en í Tímanum. Myndin er í „landscape“ hlutföllum og segir aðeins meiri sögu en sú seinni. Með því að skoða myndbygginguna má strax sjá hvernig mynd Pjeturs er sterkari en mynd Gunnars. Í henni sést greinilega í andlit Davíðs ásamt nokkrum öðrum athyglisverðum atriðum. Vinstra megin á myndinni má sjá Kjartan Örn, framkvæmdastjóra McDonalds á Íslandi, spariklæddann og skælbrosandi. Hann gjóir augum að Davíð sem, á þessu augnabliki, er ekki búinn að taka fyrsta bitann af borgaranum. Einnig sést í annan mann sem stendur fyrir aftan Davíð. Einungis sést í hnakka og herðar mannsins svoleiðis að erfitt væri að áætla hver maðurinn er ef ekki væri fyrir hvítann kraga sem sést í. Kraginn segir okkur að þetta sé með öllum líkindum séra Geir Waage fyrrum formaður Prestafélags Íslands sem mætti til þess að blessa húsið að ósk Kjartans. Mynd Pjeturs segir tvímælalaust innihaldsríkari sögu en mynd Gunnars og skortir á sama tíma ekkert sem mynd Gunnars hefur. Big-Mac hamborgarinn og staða Davíðs, sem starfandi forsætisráðherra Íslands á þessum tímamótum í Íslensku þjóðfélagi, er það sem gefur myndunum vægi. Ljósmynd af öðrum ráðherra að borða hamborgara frá Drekanum við Frakkastíg myndi hafa veigaminni sögu að segja í samanburði við þessa mynd. Sagan sem lifir í myndinni er það sem gefur henni gildi. Að þessi tiltekni maður, skuli láta sér til munns þennan borgara, á þessum stað, á þessum degi er einfaldlega stórmerkilegt fyrir sögu Íslands. Álíka táknræn augnablik fyrir breytta stöðu Íslands og upphaf nýrra tíma, festast sjaldan á filmu.

3.3 Fréttaumfjöllun

Mikil fréttaumfjöllun fylgdi í kjölfar opunarinnar og öll helstu dagblöð og fréttaveitur landsins höfðu eitthvað um málið að segja. Umfjallanir um skyndibitastaðinn voru mismiklar og skoðanir fjölmiðla á þessu máli misjafnar. RÚV náði tali af Sir Bernard Inghum fyrrum fjölmiðlafulltrúi Maragertar Thatcher, þá daga sem hún var forsætisráðherra Bretlands, sem var viðstaddur opnunina við Suðurlandsbraut. Sir. Inghum var spurður hvað honum fyndist um að forsætisráðherra Íslands væri að opna skyndibitastað. Hann svaraði eftirfarandi:

Það er frábært. Forsætisráðherra Englands minnti mig á það hér um daginn að hann snæði gjarna hjá McDonalds. Hvers vegna ekki forsætisráðherra Íslands líka? Þar munu kjósendur hans borða.⁴⁶

Sir. Inghum fullyrðir að McDonalds sé alþýðustaður fyrir alþýðufólk þar sem lýðræðislega kjörnir embættismenn ættu sannarlega að láta sjá sig bæði hérlendis og erlendis. Ekki er vitað nákvæmlega hvers vegna Sir Inghum var staddur þennan dag á Suðurlandsbraut en sú staðreynd bætir sannarlega upplifunina sem hefur verið þarna inni.

Dagfari DV birti umfjöllun á fjórðu blaðsíðu þar sem greint var frá kjaramálum starfsmanna en sérstaklega var fjallað um deilur McDonalds við verkalyðsfélög og ASÍ. Í fréttinni er undantekningarlaust talað um McDonalds sem persónu en ekki skyndibitastað:

Það má vel vera að Lyst.hf. geti aukið matarlyst Íslendinga og það getur vel verið að fyrirtækið borgi góð laun og ráði margt starfsfólk en það kemst enginn upp með, hvorki sjálfur McDonald né aðrir hamborgarar, að sleppa við félagsgjöldin hjá ASÍ. Not over my dead boddí.⁴⁷

Þrátt fyrir að fjalla aðallega um alvarlegri mál en hamborgaraneyslu er umfjöllunin kómísk, kaldhæðin og á léttum nótum. Samt sem áður má finna fyrir dálítilli andstyggð í garð McDonalds. Dagfari setti spurningarmerki við hvers vegna þessi hamborgara-veitingastaður ætti að skara fram úr öðrum stöðum. Þá sérstaklega í ljósi þess að McDonalds gerðu sig líkleg til að sniðganga verkalyðsfélög.

Tíminn birti örstutta grein á fyrstu opnu blaðsins þann 10. september þar sem hin kraftmikla en þó ósigursæla ljósmynd af Davíð Oddssyni að borða fyrsta Big Mac hamborgarann birtist í fyrsta sinn í prenti.⁴⁸ *Pressan* birti á sjöttu blaðsíðu skopmynd eftir Ingólf Margeirsson af Kjartani Erni ásamt hálfslíðugrein um opnun McDonalds. Í fréttinni er fjallað um Kjartan Örn og aðdraganda þess að hann varð forstjóri McDonalds á Íslandi. Í fréttagrein *Dagfara* kemur fram að McDonald sé tilbúinn að borga hærri laun en samkeppnisaðilar.⁴⁹ En í frétt *Pressunnar* segir að Kjartan hafi ekki verið tilbúinn að borga jafn mikið og samkeppnisaðilar eða í samræmi við kjarasamninga stéttarfélaganna.⁵⁰ Umfjöllun *pressunnar* málar ekki góða mynd af McDonalds eða Kjartani Erni.

⁴⁶ Ingunn Lára Kristjánsdóttir, „30 ár frá opnun McDonalds á Íslandi“ *RÚV*, 9. september 2023, sótt 29. september 2023 á <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-09-30-ar-fra-opnun-mcdonalds-a-islandi-390682>

⁴⁷ *Dagfari*, „Svona nú McDonald.“, *Dagblaðið Vísir – DV*, 8. september 1993, 4, sótt 2. október 2023 á <https://timarit.is/page/2616827>.

⁴⁸ P.S., „Davíð borðaði fyrstur Big-Mac.“, *Tíminn*, 9. september 1993, 2, sótt 2. október 2023 á <https://timarit.is/page/4073329>.

⁴⁹ „Svona nú McDonald.“

⁵⁰ „Ameríski draumurinn.“, *Pressan*, 9. september 1993, 6, sótt 2. október á <https://timarit.is/page/3539145>.

Greinagerðirnar eru skýr dæmi um hvernig pólitískar skoðanir ritstjórnar hvers og eins blaðs lituðu umfjallanir sínar eftir stefnu blaðanna.

Í umfjöllun Pressunnar er einnig tekið viðtöl við veitingafólk, hagfræðinga og lögmenn sem lögðu mat á opnun McDonalds hér á landi. Flestir voru á sama máli um ágæti komu McDonalds en settu spurningarmerki við kjaradeilurnar við ASÍ. Merkilegust er skoðun Guðmundar Ólafssonar hagfræðings á kjaradeilunum við ASÍ sem er þvert á það sem má sjá í öllum greinum fram að þessari:

Það er mikilvægur réttur manna að fá að reka fyrirtæki sem frjálsgast í öllum lýðræðisríkjum og því ættu þeir að fá að reka sína staði eins og þeir kjósa án þess þó að reksturinn brjóti í bága við lög. Mér sýnist verkalýðsfélög löngu hætt að gæta hagsmuna launafólks og vsí gætir fyrst og fremst hagsmuna stærstu og öflugustu félagseininga sinna ... Ég hef trú á mikilvægi þess að fyrirtækið geti starfað óáreitt án þess að þurfa að gjalda einhverjum stríðsherrum vinnumarkaðarins toll. . .⁵¹

Guðmundur lýsir yfir vantrausti til hins opinbera í garð kjaramála. Hann talar fyrir lýðræðislegu frelsi í rekstri á fyrirtækjum en þar má greinilega sjá breytingar sem nýfrjálshyggja ber í skauti sér komnar til umræðu. Að sniðganga verkalýðshreyfinguna er eitthvað sem nýfrjálshyggjan stendur fyrir og þar af leiðandi ekki skrytið að McDonalds ýtti undir slíkt. Sérstaklega í ljósi þess að McDonalds hafi komist upp með það um allan heim samkvæmt Dagfara.⁵²

Morgunblaðið birti tvær hálf síðugreinar dagana níunda og tíunda september um opnun McDonalds ásamt heilli opnu til auglýsingar á staðnum í blaðinu frá 10. september. Í þeirri fyrri var sagt frá Big-Mac vísitölunni ásamt mynd af súluriti sem sýndi verð á hinum helstu réttum McDonalds víðsvegar um heiminn. Ekki var hægt að birta verð á íslenskum réttum í súluritinu til samanburðar vegna þess að verð þeirra var ekki staðfest.⁵³ Í seinni fréttinni var fjallað um vinsældir staðarins erlendis og greinilega ánægju með tilkomu staðarins má lesa í greininni. Einnig var fjallað um að notað yrði íslenskt hráefni hér á landi til stuðnings við íslenskan efnahag.⁵⁴

⁵¹ „Ameríski draumurinn.“

⁵² „Svona nú McDonald.“

⁵³ Daglegt líf, „McDonalds opnar í fyrramálið.“, *Morgunblaðið*, 9. september 1993, 20, sótt 2. október 2023 á <https://timarit.is/page/1791746>

⁵⁴ B.T, „McDonalds opnar á Íslandi.“, *Morgunblaðið*, 10. september 1993, 18, sótt 2. október 2023 á <https://timarit.is/page/1791816>

Niðurlag

Þann sjötta október árið 2008 ávarpaði Geir H. Haarde, forstætisráðherra Íslands, íslensku þjóðina í sjónvarpi í kjölfar hrún bankanna. Hann lauk ræðu sinni með orðunum „Guð blessi Ísland“ sem urðu strax tákn kreppuástandsins á Íslandi ásamt upphrópuninni fleygu „Helvítis fokking fokk!“. Geir vildi meina að þetta ætti að vera vinaleg kveðja til þjóðarinnar. Orðalagið minnir óneitanlega á titil þjóðsöngs Bandaríkjanna „God bless America“.⁵⁵ Hrun íslensku bankanna rataði í heimsfréttir og vakti mikla athygli alþjóðlega. Íslendingar hafa verið mjög uppteknir af umfjöllun erlendra miðla á landi og þjóð. Gott dæmi um slíkt er þegar skoskur, sennilega ölvaður, maður kvaðst hata Ísland í beinni útsendingu Sky News.⁵⁶ Fréttapulurinn ræddi við strandaglópa flugvallar í Skotlandi vegna gossins í Eyjafjallajökli og áhrif þess á flugsamgöngur um heiminn. Maðurinn kom sér í myndrammann og kallaði orðin í truflunarskyni. Klippan varð eins og það kallast „viral“ og skapaði umræðu á fréttamiðlum og bloggum.⁵⁷ Enn fremur vöktu fregnir af skilnaði McDonalds við íslenskan markað áhuga fólks erlendis.

Eins og Kristín Loftsdóttir greindi frá var brottför McDonalds frá Íslandi alveg jafn táknrænt og koma staðarins. En hún markaði upphaf nýrra tíma og aðild Íslands að nýju hnattrænu samfélagi sem fór ört vaxandi.⁵⁸ Þann 26. október 2009 birti Morgunblaðið grein með fyrirsögninni „McDonalds hættir – Metro tekur við“. Ástæða breytinganna voru erfiðar efnahagsaðstæður þar sem hrún gengis íslensku krónunar réði mestu að mati þeirra. Sú frétt endurspeglar að mörgu leitu þá veiku stöðu sem Ísland var komið í. Brottfar McDonalds var eflaust sárt fyrir Íslensku þjóðina á þeim tíma. Særindin snerist ekki endilega um söknuð skyndibitastaðarins heldur því stöðutákni sem því fylgdi að halda uppi veitingahúsum McDonalds.

Við erum ekki bara búin að vera út um allt í alþjóðlegum fjölmiðlum út af hrúni bankanna og gjaldþroti Íslensku þjóðarinnar heldur bætist ofan á þetta að það er ekki einu sinni hægt að reka veitingastað hérna.⁵⁹

⁵⁵ „Átti að vera vinaleg kveðja.“, *Morgunblaðið*, 31. október 2009, sótt 17. nóvember 2023 á https://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/31/atti_ad_vera_vinaleg_kvedja/.

⁵⁶ I hate iceland klippan.

⁵⁷ „I hate Iceland“ -gaurinn orðinn allsherjar netbrandari.“, *visir.is*, 26. apríl 2010, sótt 17. nóvember á <https://www.visir.is/g/2010678821905/-i-hate-iceland--gaurinn-ordinn-allsherjar-netbrandari/>

⁵⁸ Kristín Loftsdóttir, *Crisis and Coloniality at Europe's Margins Creating Exotic Iceland*, 104

⁵⁹ Anna Marsbil Clausen, „3. þáttur: Bankarnir hrundu og McDonalds með“, 2. nóvember 2019, *Mcblessi Ísland*, framleitt af RÚV, ruv.is, 11:00, sótt 17. nóvember 2023 á <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmál/uppgangur-og-endalok-mcdonalds-a-islandi>.

Jón Garðar sem keypti McDonalds leyfið á Íslandi árið 2004 segir að breyta McDonalds yfir í Metro hafi tekið ekki nema eina nótt þar sem engu hafi í rauninni þurft að breyta nema nafni staðarins og merkingum. Kjöt, brauð og allt innihald er innflutt frá sama heildsöluaðila í Þýskalandi og McDonalds verslar við.⁶⁰ Metro er eðlilega ekki jafn mikið markaðsafl. Áhugavert er að velta fyrir sér hvernig hefði gerst ef Morgan Spurlock hefði borðað Metro hamborgara í heilan mánuð í myndinni Super Size Me. Jón Garðar fullyrta að sala McDonalds hefði aukist eftir að myndin kom í bíó árið 2004. Hann vildi meina að svona umfjöllun getur skapað umtal sem verður til aðsóknar í matinn.⁶¹ Það þurfti greinilega eitthvað meira en haldbærar sannanir á neikvæðum heilsufarslegum afleiðingum neyslu hamborgaranna í kvikmynd til að draga úr sölu á McDonalds hér á landi. En Íslendingar þurftu að horfast í við þá staðreynd að allt tekur enda. Það sama mátti segja um nýfrjálshyggjuskeið Íslendinga og menningarlega heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. Eða hvað? Þann 9. október 2008 birti Sigmundur skopmynd í Morgunblaðinu sem snerist um hrun íslensku krónunnar.



Blessuð sé minning hennar.

Mynd 8 Skopmynd eftir Sigmundur

Skýrar áherslur myndarinnar sýna hvernig frjálshyggjan hefur liðið undir lok á Íslandi í kjölfar hruns þar sem Davíð Oddsson, Geir H. Haarde og Valgerður Sverrisdóttir bera flokksfylgið og frjálshyggjuna til grafar með kveðju frá Valhöll. Íslendingar virðast þó alltaf jafn spenntir þegar fréttir berast af nýjum risa á amerískum markaði eða þegar Hollywood leikarar og tónlistarfólk leggja land undir fót. Koma kleinuhringjasamsteypunnar Dunkin Donuts, sem nú heitir Dunkin, til landsins var

⁶⁰ Anna Marsbil Clausen, „3. þáttur: Bankarnir hrundu og McDonalds með“, 12:35.

⁶¹ Anna Marsbil Clausen, „3. þáttur: Bankarnir hrundu og McDonalds með“, 03:45.

eftirminnileg. Fyrsta útibú þeirra opnaði á Laugavegi 3 í ágúst árið 2015 en hundruðir manna mynduðu biðröð við kaffihúsið klukkutímum fyrir opnun. Ætlunin var að opna sextán staði um land allt, en þegar best gekk voru staðirnir færri en 5 talsins. Dunkin Donuts hætti starfsemi hér á landi árið 2019.⁶² Nú heilum fimmtán árum síðar má sjá hvernig neysluhyggjan blómstrar betur en nokkurn tíman fyrr. Sú samfélagslega pressa að eignast nýjasta snjallsímamann, ferðast til vinsælustu strandanna á Tenerife og Ítalíu og halda flottustu giftingarnar eða kynjaveislurnar sýna þá þróun. Menningarleg heimsvaldarstefna Bandaríkjanna muni ólíklega ná sömu rótfestu í gegnum matarmenningu hér á landi og þegar McDonalds kom. En segja má með sanni að neysluhyggjan hafi komist í fimmta gír með tilkomu snjallsímans. Greinilegt er að ennþá er líf í menningarlegri heimsvaldarstefnu Bandaríkjanna hérlendis þó hún hafi flust úr matvælum yfir í tæknina.

⁶² Nanna Eísa Jakobsdóttir, „Röð fyrir utan Dunkin Donuts á Laugavegi.“, *Vísir*, 4. ágúst 2015, sótt 19. Nóvember 2023 á <https://www.visir.is/g/2015150809722/rod-fyrir-utan-dunkin%27-donuts-a-laugavegi>.

Heimildarskrá

„Ameríski draumurinn.“ *Pressan*, 9. september 1993, 6. Sótt 2. október á

<https://timarit.is/page/3539145>.

Anna Marsbil Clausen. „1. þáttur: Þegar Davíð tók fyrsta Big-Mac bitann“ RÚV. Mcblessi

Ísland. 2. nóvember 2019. ruv.is. Sótt þann 13. september 2023 á

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/uppgangur-og-endalok-mcdonalds-a-islandi>.

Anna Marsbil Clausen. „3. þáttur: Bankarnir hrundu og McDonalds líka.“ RÚV. Mcblessi

Ísland. 2. nóvember 2019. ruv.is. Sótt þann 13. september 2023 á

<https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/uppgangur-og-endalok-mcdonalds-a-islandi>.

„Átti að vera vinaleg kveðja.“ *Morgunblaðið*, 31. október 2009. Sótt 17. nóvember 2023 á

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/31/atti_ad_vera_vinaleg_kvedja/.

Berglind Pétursdóttir. „*Unga kynslóðin hefur snúið baki við íslenskunni*“, 7. nóvember

2023, *Vikan með Gísla Marteini*, framleitt af RÚV, ruv.is. Sótt 12. nóvember 2023

á <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2023-11-07-unga-kynslodin-hefur-snuid-baki-vid-islenskunni-395787>.

Bryzgalova, Ekaterina, Natalya Ishchenko, Vladimir Kozlov. „How Russia tried to create

its own McDonalds.“ *Shoppers Media*, 14. mars 2022. sótt 12. október 2023 á

https://shoppers.media/news/654_kak-v-rossii-pytalis-sozdat-svoi-sobstvennyi-mcdonalds.

B.T. „McDonalds opnar á Íslandi.“ *Morgunblaðið*, 10. september 1993, 18. Sótt 2. október

2023 á <https://timarit.is/page/1791816>.

Dagfari. „Svona nú McDonald.“ *Dagblaðið Vísir – DV*, 8. september 1993, 4. Sótt 2.

október 2023 á <https://timarit.is/page/2616827>.

Daglegt líf. „McDonalds opnar í fyrramálið.“ *Morgunblaðið*, 9. september 1993, 20. Sótt

2. október 2023 á <https://timarit.is/page/1791746>.

- De Ver Dye, Timothy. „The Diabetes Ecosystem and Small Island Developing States“ Biomedcentral Blog Network, 6. apríl 2016. Sótt 26. nóvember 2023 á <https://blogs.biomedcentral.com/on-health/2016/04/06/the-diabetes-ecosystem-and-small-island-developing-states/>.
- Harvey, David. *A Brief History of Neoliberalism*. New York: Oxford University Press, 2007.
- Hockstader, Lee. „Attack on Big Mac Moscow Bistro Offers Fast Food and Service Russian style.“ *The Washington Post*, 8. ágúst 1995. sótt 12. október 2023 á <https://www.washingtonpost.com/archive/politics/1995/08/08/attack-on-big-mac-moscow-bistro-offers-fast-food-and-service-russian-style/25cb9764-3cad-43b8-83a2-e750327fb537/>.
- „„I hate Iceland“ -gaurinn orðinn allsherjar netbrandari.“ *visir.is*, 26. apríl 2010. Sótt 17. nóvember á <https://www.visir.is/g/2010678821905/-i-hate-iceland--gaurinn-ordinn-allsherjar-netbrandari>.
- „Inferiority complex.“ *American Psychological Association*. 19. apríl 2018. Sótt 9. september 2023 á <https://dictionary.apa.org/inferiority-complex>.
- Ingunn Lára Kristjánsdóttir. „30 ár frá opnun McDonalds á Íslandi“ *RÚV*, 9. september 2023. Sótt 29. september 2023 á <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-09-30-ar-fra-opnun-mcdonalds-a-islandi-390682>.
- Kluckhohn, Clyde. *Culture and Behavior: Collected Essays*. United Kingdom: Free Press of Glencoe, 1962.
- Leonard John Hume, Another Look at the Cultural Cringe, (Centre for Independent Studies, 1993), sótt 7. September 2023 á http://www.the-rathouse.com/Another_look_at_the_Cultural_Cringe.htm.
- Mouzur, Paul. „Baidu and CloudFlare Boost Users Over China's Great Firewall,“ *New York Times*, 20. febrúar 2009. Sótt 12. október 2023 á <https://www.nytimes.com/2015/09/14/business/partnership-boosts-users-over-chinas-great-firewall>.

- Nanna Eísa Jakobsdóttir. „Röð fyrir utan Dunkin Donuts á Laugavegi.“, *Vísir*, 4. ágúst 2015. Sótt 19. Nóvember 2023 á <https://www.visir.is/g/2015150809722/rod-fyrir-utan-dunkin%27-donuts-a-laugavegi>.
- P.S. „Davið borðaði fyrstur Big-Mac.“ *Tíminn*, 9. september 1993, 2. Sótt 2. október 2023 á <https://timarit.is/page/4073329>.
- Ritstjórn. „Helmingur þjódarinnar les ferskar fréttir hjá fréttamiðlum á netinu – Einungis 4% kváðust sækja fréttir í dagblöð.“ *Fréttatíminn*, 21. mars 2020. Sótt 12. október 2023 á <https://frettatiminn.is/21/03/2020/helmingur-thjodarinnar-les-ferskar-frettir-hja-frettamidlum-a-netinu-athygli-vekur-ad-einungis-4-kvadust-helst-saekja-frettir-i-dagblod/>.
- Ritzer, George. *McDonaldization Thesis*. Baltimore, MD: Johns Hopkins University Press, 1991.
- „Röð fyrir utan Dunkin Donuts á Laugavegi.“ *visir.is*, 4. ágúst 2015. Sótt 19. nóvember á <https://www.visir.is/g/2015150809722/rod-fyrir-utan-dunkin%27-donuts-a-laugavegi>.
- Scholsser, Eric. *Fast Food Nation: The Dark Side of the All-American Meal*, Boston: Houghton Mifflin, 2001. Sótt 10. september 2023 á <https://archive.org/details/fastfoodnationda0000schl/page/228/mode/2up>.
- Schrieber, Servan. *American Challenge*. New York: Atheneum, 1968. „Is anything made in the U.S.A. anymore? you'd be surprised.“ *New York Times*, 20. febrúar 2009. Sótt 9. september 2023 á <https://www.nytimes.com/2009/02/20/business/worldbusiness/20ihtwbmake.1.20332814.html#:~:text=Today%2C%20%22Made%20in%20U.S.A.%22,value%20goods%20has%20moved%20overseas>.
- Smith, Adam. *The Theory of Moral Sentiments*. Edinborg: Gutenberg Publisher, [1759] 2011.
- Smith, Adam. *Wealth of Nations*. New York: Collier, [1776] 1902.

„Special McDonalds menu items from around the world.“ *LoveFood*, 20. apríl 2023. Sótt 15. nóvember 2023 á <https://www.lovefood.com/gallerylist/60910/special-mcdonalds-menu-items-from-around-the-world>.

Stern, Arden, Ami Siegelbaum. *Design and Culture*. 11. útg. United Kingdom: Taylor & Francis Ltd, 2019.

Tomlinson, John. *Cultural Imperialism: A Critical Introduction*. Baltimore, MD:John Hopkins University Press 1991.

Vésteinn Örn Pétursson, „*Fjórði júlí haldinn hátíðlegur*“, 4. júlí 2023, *Kvöldfréttir stöðvar2*, framleitt af Stöð2, visir.is, sótt 1. september 2023 <https://www.visir.is/k/1fa8bdc8-8aeb-4c2e-80cd-303859e645b9-1688497835260/fjordi-juli-haldinn-hatidilegur>.

Myndaskrá

- Mynd 1: Marques Brownlee. *iPhone umbúðir*. Skjáskot. Sótt 10. október 2023 á <https://www.youtube.com/watch?v=l0DoQYGZt8M&t=36s>.
- Mynd 2: Marques Brownlee. *Designed by Apple in California*. Skjáskot. Sótt 10. október 2023 á <https://www.youtube.com/watch?v=l0DoQYGZt8M&t=36s>.
- Mynd 3: Gunnar Valberg Andr sson. *Dav đ Oddsson/Mynd Gunnars*. Lj smynd. S tt 28. september 2023 á <https://www.visir.is/g/2016161229448/islendingar-solgnir-i-skyndibita-a-adventunni>.
- Mynd 4: Neville. *Margaret Thatcher*. Lj smynd. S tt 20. október 2023 á <https://www.theguardian.com/business/gallery/2015/may/02/how-mcdonalds-took-over-the-world-in-pictures>.
- Mynd 5: R V. *V sitala Economist*. Skj skot. S tt 21. september 2023 á <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-09-09-30-ar-fra-opnun-mcdonalds-a-islandi-390682>.
- Mynd 6: Pjetur Sigur sson. *Mynd Pjeturs*. Lj smynd. S tt 2. október 2023 á <https://timarit.is/page/4073329>.
- Mynd 7: Sigmund J hannsson Baldvinsen. Teikning. S tt 15. n vember 2023 á <https://timarit.is/page/4201367>.